



DÓMSTÓLARÁÐ

Alþingi  
Erindi nr. P 135/1559  
komudagur 26.2.2008

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 22. febrúar 2008.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um nálgunarbann.

Dómstólaráð hefur farið þess á leita að fá að koma á framfæri athugasemdum vegna framangreinds frumvarps.

Ákvæði um sérstakt nálgunarbann var lögfest með lögum nr. 94/2000, um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Hefur frá árinu 2000 orðið til nokkur reynsla af meðferð þessa úrræðis. Í því frumvarpi sem lagt hefur verið fram er að meginstefnu gert ráð fyrir að sömu reglur og áður gildi um meðferð þessara mála. Af þessu tilefni vill Dómstólaráð vekja athygli á eftirfarandi.

Frumvarpið gerir sem áður ráð fyrir að lögregla geri kröfu um nálgunarbann og hafi þá kröfu uppi fyrir dómara. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. ákveður dómari þinghald til að taka kröfuna fyrir og gefur út kvaðningu á hendur þeim sem krafan beinist að. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar er heimilt að handtaka þann sem krafa beinist að sæki hann ekki þing að forfallalaus.

Ákvæði í XIII. kafla A, laga nr. 19/1991 hafa að ákveðnu leyti reynst örðug í framkvæmd. Svo sem réttarþróun hefur orðið hér á landi hefur lögregla sjaldnast uppi kröfu um nálgunarbann nema á grundvelli þess skilyrðis í 110. gr. a laga nr. 19/1991 að ætla megi að sá sem kröfu er beint að sé líklegur um að fremja afbrot. Hafa þær aðstæður þá jafnan skapast að mál eru komin á mjög alvarlegt stig og sá sem fer þess á leit að nálgunarbanni verði beitt telur sig vera í mikilli hættu. Því er það svo að þegar þessi mál koma til kasta dómstóla fara þeir sem krafa beinist að oft huldu höfði þannig að ekki reynist unnt að birta viðkomandi kvaðningu um þinghald. Takist það kemur einnig til þess að lögreglu reynist í framhaldi erfitt að hafa upp á mönnum í því skyni að handtaka þá til að færa fyrir dóminn. Eru dæmi þess að einstaklingar hafi farið huldu höfði svo vikum skipti í því skyni að komast hjá því að mál þeirra verði tekin fyrir í dómi.

Nýverið hafa sænskir sérfræðingar um nálgunarbann komið til landsins til að kynna sér framkvæmd nálgunarbanns á Íslandi, samanborið við önnur Norðurlönd. Þær upplýsingar er fram komu við það tækifæri sýna að framkvæmd þessa úrræðis er



## DÓMSTÓLARÁÐ

með öðrum hætti hér á landi heldur en annars staðar á Norðurlöndum. Í sumum tilvikum, svo sem í Svíþjóð, verður nálgunarbanni beitt með þeim hætti að ákærvald og lögregla taka ákvörðun um nálgunarbann. Slíkt bann verður ekki borið undir dómstóla nema sá sem bannið beinist gegn geri kröfu um slíkt. Bannið hefur engu að síður tekið gildi. Í öðrum tilvikum, svo sem í Noregi, sætir nálgunarbann í öllum tilvikum staðfestingu dómstóla, eftir að ákærvald og lögregla hefur komið því á. Fullyrt hefur verið að ekkert hinna Norðurlandanna hafi viðlíka fyrirkomulag og tíðkist hér á landi með þeim málsmeðferðarreglum er hér gilda um undanfara þess að nálgunarbanni verði komið á.

Að mati Dómstólaráðs eru engin efni til að gera svo ríkar kröfur til undirbúnings þess að nálgunarbanni verði við komið sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Hafa verður í huga að nálgunarbann er ekki þvingunarúrræði sem tengist rannsókn máls. Er því lagt til að farin verði sú leið nágranna okkar að ákærvald og lögregla taki ákvörðun um nálgunarbann, sem tæki þá þegar gildi, og að það bann væri síðan unnt að bera undir dómstóla af hálfu þess sem bannið beinist að. Er með öllu ófært að þeir sem nálgunarbanni er beint gegn geti komið sér undan því að slíku banni verði komið á með því að fara huldu höfði og láta ekki hafa uppi á sér. Samrýmist það ekki þeim hagsmunum sem nálgunarbanni er ætlað að vernda.

F.h. Dómstólaráðs

Símon Sigvaldason

formaður